

AUGLÝSING

64

15. febr.

um viðbótarfjölskyldubætur, mæðralaun o. fl.

Samkvæmt lögum frá síðasta Alþingi ber nú að greiða fjölskyldubætur með öðru og þriðja barni til viðbótar þeim fjölskyldubótum, sem greiddar hafa verið til þessa. Enn fremur ber nú að greiða mæðralaun til einstæðra mæðra, sem hafa fleiri en eitt barn á framfæri. Greiðast þau eftir sömu reglum og fjölskyldubætur og koma í þeirra stað.

Þeir, sem nú njóta fjölskyldubóta samkvæmt eldri ákvæðum tryggingalaganna, þurfa ekki að sækja um viðbótarfjölskyldubætur. Sama gildir um ekkjur, fráskildar konur og ógiftar mæður, sem nú njóta barnalífeyris frá Tryggingastofnuninni. Þær þurfa ekki að sækja sérstaklega um mæðralaun.

Aðrir þeir, sem rétt eiga til framangreindra bóta, eru hér með áminntir um að sækja um þær eigi síðar en fyrir 31. marz n. k. Umsóknareyðublöð verða til afhendingar eftir 1. marz hjá umboðsmönnum vorum, sem veita nauðsynlegar upplýsingar og taka við umsóknum.

Fæðingarvottorð barnanna fylgi umsóknunum.

Það er skilyrði fyrir hótarétti, að hlutaðeigandi hafi greitt gjaldfallin tryggingaiðgjöld.

Síðar verður auglýst hvenær greiðsla viðbótarfjölskyldubóta og mæðralauna hefjist.

Athygli skal vakin á því, að samkvæmt fyrrnefndum lögum eiga íslenskar konur, sem giftar hafa erlendum mönnum, rétt til barnalífeyris frá Tryggingastofnuninni, þótt þær hafi misst íslenskan ríkisborgararétt, ef eiginmenn þeirra hafa fallið frá, yfirgefið þær eða skilið við þær, enda dvelji þær og börnin hér á landi og njóti ekki lífeyris eða meðlags annars staðar frá.

Tryggingastofnun ríkisins, 15. febrúar 1953.

Haraldur Guðmundsson.

AUGLÝSING

65

5. marz

um varnir gegn því að gin- og klaufaveiki og aðrir alidýrasjúkdómar berist til landsins.

Samkvæmt heimild í 3. gr. laga nr. 11 23. apríl 1928, um varnir gegn því að gin- og klaufaveiki og aðrir alidýrasjúkdómar berist til landsins, hefur ráðuneytið ákveðið, að auk þeirra vara, sem bannaður er innflutningur á í lögnum, skuli bannaður frá Evrópu innflutningur á slátur- og mjólkurafurðum hvers konar, eggjum, svo og húðum. Stórgripahúðir, sem nota þarf við togveiðar hér við land má flytja inn, enda séu þær sótthreinsaðar erlendis og einnig þegar þær koma hingað til lands. Þá er enn fremur bannaður innflutningur frá Evrópu, að undanteknum Stóra-Bretlandi, Írlandi, Noregi og Færeyjum, á lifandi jurtum, trjám (jólátrjám), trjágreinum og trjákönglum, grænmeti og hvers konar garðávöxtum, að undanteknum blómlaukum frá Hollandi.

Felldar eru úr gildi auglýsingar nr. 197/1951, nr. 208/1951 og nr. 38/1952.

Landbúnaðarráðuneytið, 5. marz 1953.

Hermann Jónasson.

Gunnl. E. Briem.